

# ENDANLEGIR SKILMÁLAR

[12. febrúar 2026 ]

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Auðkenni (LEI): 2138002IF266ITSZ8939

Útgáfa á ISK [200.000.000 ] í skuldabréfaflokknum LSS151155

Þessir endanlegu skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 14. ágúst 2025, skv. 6., 14. og 28. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980 um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB, sbr. lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur. Útboð á skuldabréfunum fer einungis fram á Íslandi og hafa tilkynningar sem varða skuldabréfin einungis verið birtar á Íslandi.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dagsettri 14. ágúst 2025. Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu Lánasjóðsins <https://www.lanasjodur.is/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfin með því að lesa saman, mögulega viðauka við hana og þessa endanlegu skilmála. Samantekt í tengslum við útgáfu skuldabréfanna er að finna í hluta II af endanlegum skilmálum þessum.

Greinar eru tölusettar í þessum endanlegu skilmálum og vísa í greinar um skilmála bréfanna í kafla 9 í grunnlýsingunni.

## Hluti I: Endanlegir skilmálar

<b>Grein 1</b> Nafnverðseiningar, heildarheimild, útgáfudagur og gjaldmiðill	Grein 1 gildir um skuldabréfin Númer hluta: [56] Útgáfudagur skuldabréfanna: [16. febrúar 2026] Útgáfugjaldmiðill skuldabréfanna: ISK Nafnverð útgáfu: [200.000.000] Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð): [á ekki við] Áður útgefið skuldabréf í flokki: [38.115.000.000] Heildarheimild til útgáfu: [80.000.000.000 ] Heimild stjórnar til útgáfu bréfanna var veitt þann: [27.10.2015] Nafnverðseiningar: 1 ISIN númer: IS0000026383 CFI númer: DBFUFR FISN númer: LANASJODUR SVEI/2.5 BD 20551115
<b>Grein 2</b> Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag	Grein 2 gildir um skuldabréfin Verðbréfamiðstöð: Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík
<b>Grein 3</b> Endurgreiðsla höfuðstóls	Jafnar afborganir og gildir grein 3.1 um útreikning höfuðstóls Fyrsta greiðsla afborgana: 15. nóvember 2020 Heildarfjöldi afborgana: 71 Tíðni afborgana: Tvisvar á ári Lokagjaldlagi: 15. nóvember 2055
<b>Grein 4</b> Uppgreiðsluheimild að vali útgefanda	Útgefanda er heimilt að umframgreiða skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna og gildir grein 4.1 um skuldabréfin Uppgreiðsluálag: Uppgreiðsluálag 15. nóvember 2035 er 2,0% af fjárhæð uppgreiðslu. Uppgreiðsluálag 15. nóvember 2045 er 1,0% af fjárhæð uppgreiðslu. Uppgreiðsludagar: 15. nóvember 2035 og 15. nóvember 2045

<b>Grein 5 Vextir</b>	Fastir ársvextir: 2,50% og gildir grein 5.1 um skuldabréfin Fyrsta vaxtagreiðsla: 15. maí 2016 Fyrsti vaxtadagur: 15. nóvember 2015 Heildarfjöldi vaxtagreiðslna: 80 Tíðni vaxtagreiðslna: Tvisvar á ári
<b>Grein 6 Verðtrygging</b>	Skuldabréfin eru verðtryggð og gildir grein 6.1 um þau Verðtryggingarvísitala: Vísitala neysluverðs (VNV) til verðtryggingar, dagvísitala. Grunnvísitölugildi: 430,74 þann 15. nóvember 2015.
<b>Grein 7 Dagaregla</b>	Dagaregla: 30E/360
<b>Grein 8 Ávöxtun á söludegi og útreikningur</b>	Ávöxtunarkrafa þann 11. febrúar 2026 var 3,55% og sölugengi 117,292985. Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalddaga sé jafnt söluverðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalddaga).
<b>Grein 9 Taka til viðskipta</b>	Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð 200.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 16. febrúar 2026.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fjárfesta gegn staðgreiðslu 16. febrúar 2026. Frekari útgáfur verða seldar fjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölnnar er Lánasjóður sveitarfélaga.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun vegna sölu skuldabréfanna til endanlegra fjárfesta sem nemur 0,15% af söluverði bréfanna. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 351.879. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta á Íslandi en ekki í öðrum löndum.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 234.585.970. Að frádraginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu er nettósöluandvirði útgáfunnar 234.234.091.

#### Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 12. febrúar 2026:

---

sem hefur til þess fullt umboð

## Hluti II: Samantekt

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. lýsingarreglugerðarinnar 2017/1129 og 9. gr. framseldrar reglugerðar 2019/979. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt framangreindum lagaákvæðum.

### 1 INNGANGUR OG VARNAÐARORÐ

Samantekt þessa skal lesa sem inngang að grunnlýsingu dagsettri 14. ágúst 2025 ásamt endanlegum skilmálum dagsettum 12. febrúar 2026 útgefnum af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. („útgefandi“ eða „Lánasjóðurinn“), sem varða tiltekin skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga. Auðkenni verðbréfanna er LSS151155 og er ISIN-númer þeirra IS0000026383. Útgefandi er Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kennitala er 580407-1100. Tölvupóstfang er lanasjodur@lanasjodur.is og símanúmer +354 515 4900. LEI auðkenni útgefanda er 2138002IF266ITSZ8939. Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 14/2020 sem veittu ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/1129 lagagildi hér á landi með aðlögunum skv. 2. gr. laganna.

Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur byggja á mati fjárfestisins á lýsingunni í heild. Vakin er athygli á því að fjárfestir kann að tapa allri eða hluta af fjárfestingu sinni og vísast til kafla um áhættuþætti í lýsingunni hvað þá áhættu varðar. Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlýsingu útgefanda gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft, samkvæmt landslögum, að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

Það lögbæra yfirvald sem staðfestir lýsinguna er Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið).

### 2 LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

#### 2.1 Hver er útgefandi verðbréfanna?

Lög- og viðskiptaheiti útgefanda er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. Kennitala sjóðsins er 580407-1100 og LEI númer er 2138002IF266ITSZ8939. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Íslandi. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi. Sími á skrifstofu félagsins er 515-4900 og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Slóð á vefsíðu félagsins er [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is) en efni vefsíðunnar er ekki hluti af grunnlýsingu þessari. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var Lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.

Allt hlutafé í útgefanda er eigu íslenskra sveitarfélaga enda kveða samþykktir útgefanda á um að hlutir í félaginu geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra. Einungis er einn flokkur hlutafjár útgefinn af Lánasjóðnum. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluti í félaginu má ekki veðsetja eða gefa. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum og gildir sá réttur hvort sem eigendaskipti verða við sölu eða aðför. Lánasjóðurinn er opinbert hlutafélag sem er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum eins aðila. Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og eini hluthafinn með virkan eignarhlut (yfir 10%) samkvæmt 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins er Óttar Guðjónsson.

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var þann 20. mars 2025.

Á aðalfundi Lánasjóðsins þann 20. mars 2025 var KPMG kosið sem endurskoðunarfélag sjóðsins til næstu 5 ára. Fyrir hönd KPMG mun Hrafnhildur Helgadóttir, löggildur endurskoðandi og félagi í Félagi löggildra endurskoðanda (FLE) endurskoða og árita ársreikninga, fyrst vegna ársins 2022 og kanna og árita árshlutareikninga Lánasjóðsins, fyrst 30. júní 2022.

#### 2.2 Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann

Eftirfarandi er yfirlit yfir lykilmálgagnsupplýsingar útgefanda úr ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2024 og 2023 en einnig úr árshlutareikningum 30. júní 2025 (1H 2025) og 30. júní 2024 (1H 2024). Þeir ársreikningar og árshlutareikningar sem upplýsingarnar

ná til hafa verið áritaðir án fyrirvara af KPMG ehf., og PricewaterhouseCoopers ehf. eftir atvikum, sem hafa starfað sem óháðir endurskoðandi útgefanda.

Tölur eru í milljónum króna:

Tafla 1 – Rekstrarreikningur

	2024	2023	1H 2025	1H 2024
Hreinar vaxtatekjur	1.499	1.559	761	838
Aðrar rekstrartekjur	879	588	532	437
Hrein þóknun og umboðstekjur				
Hreint virðisýrnnunartap á fjáreignum				
Hreinar tekjur af viðskiptum				
Hreinar rekstrartekjur	2.378	2.147	1.293	1.275
Hagnaður	2.070	1.866	1.137	1.132

Tafla 2 - Efnahagsreikningur

	2024	2023	1H 2025	1H 2024
Heildareignir	210.875	200.130	219.359	207.046
Verðbréfaútgáfa	182.957	174.170	190.379	179.937
Víkjandi skuldir				
Langtímalán til sveitarfélaga	200.021	190.762	206.656	195.234
Innistæður frá viðskiptavinum				
Eigið fé alls	24.793	22.723	25.930	23.855

### 2.3 Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

**Útlánaáhætta** er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veði í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningsskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

**Mótaðila- og gengisáhætta** er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánasjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

**Vaxtaáhætta:** stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

**Verðbólguáhættu** er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

**Gjaldeyrisáhætta:** stefna Lánasjóðsins er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

**Lausafjár- og fjármögnunaráhætta** er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

**Rekstraráhætta:** stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánessamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldsþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

**Starfsmannaáhætta** Lánasjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

**Lagaleg áhætta** Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð.

### 3 LYKILUPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN

#### 3.1 Helstu eiginleikar verðbréfanna

Auðkenni skuldabréfanna er LSS151155 og er ISIN-númer þeirra IS0000026383. Um er að ræða verðtryggð skuldabréf með jöfnum afborgunum bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á Íslandi, birt af Hagstofu Íslands.

Gefin eru nú út skuldabréf að nafnverði 200.000.000 en áður hafa verið gefin út og tekin til viðskipta skuldabréf að fjárhæð 38.115.000.000 kr. í sama flokki. Heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki 80.000.000.000. Skuldabréfin eru gefin út í 1 kr. nafnverðseiningum og eru gefin út í íslenskum krónum.

Höfuðstóll verður endurgreiddur með 71 jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti og allt fram til lokagjalddaga. Gjalddagar afborgana eru 15. maí og 15. nóvember en fyrsta afborgun höfuðstóls er 15. nóvember 2020. Lokagjalddagi er 15. nóvember 2055. Gjalddagar vaxta eru 81 og eru greiddir 15. maí og 15. nóvember ár hvert. Fyrsti gjalddagi vaxta er 15. maí 2016. Af höfuðstól skuldarinnar greiðast 2,50% fastir ársvextir.

Útgefanda er eingöngu heimilt á uppgreiðsludögum að greiða upp (innkalla), gegn uppgreiðsluálagi, þá fjárhæð sem lántakendur LS hafa greitt upp af útlánnum tilkomnum af fjármögnun þessa útlánaflokks. Uppgreiðsla (innköllun) fer fram á pari og verður að tilkynnast með 30 daga fyrirvara í fréttakerfi Kauphallar. Heimilir uppgreiðsludagar eru 15. nóvember 2035 og 15. nóvember 2045. Uppgreiðsluálag 15. nóvember 2035 er 2,0% af fjárhæð uppgreiðslu og uppgreiðsluálag 15. nóvember 2045 er 1,0% af fjárhæð uppgreiðslu.

Höfuðstóll er bundinn vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölugildið 430,74 þann 15. nóvember 2015.

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (einnig „verðbréfamiðstöð“).

Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum. Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna.

Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.

#### 3.2 Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Óskað verður eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

#### 3.3 Eru verðbréfin með ábyrgð?

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma.

#### 3.4 Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

**Almennt áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum:** kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlýsingarinnar og tilheyrandi viðauka af kostgæfni. Fjárfestum er enn fremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf Lánasjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnast ítarlegri útlistunar á áhættuþáttum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað.

**Útlánaáhætta** er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Við síðustu reikningsskil voru öll langtímalán útgefanda með veði í tekjum sveitarfélaga.

**Mótaðila- og gengisáhætta** er takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en Lánasjóðurinn ávaxtar lausafé sitt í fjármálagerningum gefnum út af fyrrgreindum aðilum.

**Vaxtaáhætta:** stefna útgefanda að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra.

**Verðbólguáhættu** er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skulda.

**Gjaldeyrissáhetta:** stefna Lánasjóðsins er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af, og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan gjaldeyrisreglna Seðlabanka Íslands, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

**Lausafjár- og fjármögnunaráhetta** er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika.

**Rekstraráhetta:** stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldsþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu.

**Starfsmannaáhetta** Lánasjóðurinn er í dag með þrjú fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárfstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

**Lagaleg áhetta** Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lagaleg áhetta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð.

## 4 LYKILUPPLÝSINGAR UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKAÐI

### 4.1 Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Á ekki við.

### 4.2 Hver er tilboðsgjafinn og/eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta

Sá aðili sem óskar eftir töku verðbréfanna til viðskipta er útgefandinn, Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

### 4.3 Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Ástæða fyrir töku til viðskipta: Verið er að stækka skuldabréfaflokkinn LSS151155 með útgáfu nýrra skuldabréfa í flokknum og óskað verður eftir því að hin nýju bréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Nettófjárhæð útboðsins verður notuð til lánveitinga til íslenskra sveitarfélaga. Áætluð nettófjárhæð útgáfunnar er 234.234.091. Að undanskildum kostnaði greiddum til viðskiptavaka Lánasjóðsins er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.